

10. Bréf dómsmálastjórnarinnar til hins setta amtmanns yfir norður- og austurumdæminu, um silfurbergs-námuna í Helgustaða-fjalli. 1863.
19. febrúarm.

Af meðfylgjandi eptirriti af bænarskrá frá verzlunarhúsinu Örum & Wulff hér í staðnum, sjáid þér, herra amtmáður, að verzlunarhús þetta hefir sótt um að fá til leigu um 5 ár þann hluta af silfurbergsnámunni í Helgustaðafjalli í landareign jarðarinnar Helgustaða, sem er eign ríkissjóðsins, og rétt til að fá lengdan leigutímann þegar þessi 5 ár eru liðin, en aptur á móti býðst það til að greiða það afgjald árlega, sem stjórnarráðið álíti hæfilegt.

Dómsmálastjórnin hefir fengið álit Havsteins amtmanns um málefni þetta, og skorar nú á yður, svo framarlega sem sá hlutinn af námunni, sem Þórarinn prófastur Erlendsson er eigandi að, verður leigður á þann hátt, sem segir í bænarskránni, að leigja ofangreindu verzlunarhúsi þann hlutann, sem ríkissjóðurinn á, fyrst um sinn um 5 ár fyrir 100 ríkisdala afgjald á ári til umboðssjóðsins og að öðru leyti með þeim skilmálum, sem þér álítið vel eiga við bæði með tilliti til notkunar á námunni og annara atvika, sem þar koma til greina.

Stjórnarráðið biður yður að láta sig síðar vita, hvað þér gjörði í þessu efni.

11. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um styrk til að kaupa bækur handa prestaskólanum. 19. febrúarm.

Út af bænarskrá, sem forstöðumaður prestaskólans í Reykjavík, Pétur prófessor Pétursson, hefir sent beina leið til kirkju- og kennslustjórnarinnar, leyfir stjórnarráðið, að af því fê, sem í

um eðli sjúkdómsins og læknislyfjanna, og um það, hvort lækningar hafi verið við hafðar þá dagana, sem Gísli haldi vatns- og brauðs hegninguna, og ef svo er, á hvern hátt það hafi gjört verið”.

1863. fjárlögum yfirstandandi árs, 9. gr. G. c, er ætlað til óvissra
 19. febrúarm. gjalda handa Íslandi, megi verja 120 rdl. til styrks til að fá
 handa bókhlöðu prestaskólans safn það af ritum allra grískra og
 latínskra kirkjufedra, er Abbé Migne í Parísarborg hefir út gefið,
 og um er rætt í bænarskránni.

Um leið og þetta er kunngjört yður, herra stiptamtmaður,
 og yður, háæruverðugi herra, yður til leiðbeiningar, og til þess
 þér kunngjörð það beiðandanum, eruð þér beðnir að hafa gætur
 á, að síðar verði gjörð regluleg skil fyrir því, að fê þessu hafi
 verið rétt varið, en landfógetanum á Íslandi hefir í dag verið
 boðið að greiða það úr jarðabókarsjóðnum.

19. febrúarm. **12. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyrir-
 valdanna á Íslandi, um messugjörð í Viðey.**

Í bænarskrá, er hingað kom með bréfi yðar, herra stiptamt-
 maður, og yðar, háæruverðugi herra, 19. ágústmánaðar f. á., hefir
 eigandi Viðeyjar O. M. Stephensen, sekreteri, sótt um, að ey
 þessi, sem með konungsúrskurði 4. septemberm. 1847 var lögð
 undir Mosfells og Gufunes prestakall, og skyldi presturinn í
 brauði þessu 10. hvern sunnudag halda messugjörð í bænhús-
 inu í Viðey, nú verði á sama hátt lögð undir Reykjavíkur brauð,
 sem hún fyrrum heyrði undir, og áður greindum konungsúr-
 skurði breytt samkvæmt því.

Í þessu efni skal yður kunngjört yður til leiðbeiningar og til
 þess þér auglýsið það, að með því sú aðalástæða, er olli því, að
 Viðey var skilin frá Reykjavíkur brauði og lögð undir Mosfells
 brauð, en sú ástæða var, að ekki mátti verða messufall í Reykja-
 víkur dómkirkju, ekki einungis er enn fyrir hendi, heldur er
 jafnvel þýðingarmeiri en áður, er fólkstalan hefir aukizt í Reykja-
 víkur sókn, og menn nú um langan tíma hafa vanizt því, að
 messað sé á hverjum helgidegi í dómkirkjunni, þá verður það,
 sem um var sótt, eigi veitt.